

Miðvikudaginn 25. nóvember 1959.

Nr. 213/1957. Þorlákur Þórðarson (Sveinbjörn Jónsson hrl.)
gegn

Gunnari Tryggvasyni (Ragnar Ólafsson hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómarrarnir Þórður Eyjólfsson, Gizur Bergsteinsson,
Jón Ásbjörnsson og Jónatan Hallvarðsson og prófessor Theodór
B. Lindal.

Skaðabótamál út af bifreiðaárekstri.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 5. desember 1957 að fengnu áfrýjunarleyfi 29. nóvember s. á. Krefst hann *ad allega* sýknu í málinu og málskostnaðar af stefnda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins. *Til vara* krefst hann lækkunar á dæmdri fjárhæð og að málskostnaður í héraði verði þá felldur niður, en stefnda dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda eftir mati Hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Áfrýjanda ber að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 3.000,00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Þorlákur Þórðarson, greiði stefnda, Gunnari Tryggvasyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 3.000,00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 19. marz 1957.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 13. þ. m., hefur Gunnar Tryggvason bifreiðarstjóri, Laugarásbletti 21 hér í bæ, höfðað á

bæjarþinginu með stefnu, út gefinni 18. október 1956, gegn Þorláki Þórðarsyni, Öldugötu 47 hér í bæ, til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð kr. 5.953,71, auk 6% ársvaxta frá 1. maí 1956 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu eftir mati dómarans. Þá krefst stefnandi viðurkenningar á lögveðrétti hans í bifreiðinni R-404 til tryggingar fjárhæðum þessum.

Stefndi hefur aðallega krafizt sýknu og málskostnaðar, en til vara, að krafa stefnanda verði lækkuð verulega og málskostnaður þá látinn niður falla.

Vátryggingarfélaginu h/f hér í bæ er stefnt til réttargæzlu í málinu. Á hendur réttargæzlustefnda eru engar kröfur gerðar, og hann hefur engar kröfur gert.

Málsatvik eru þessi:

Kl. 02.15 aðfaranótt hins 16. apríl 1956 varð árekstur á Suðurlandsbraut hér í bænum við mót þeirrar götu og Langholtsvegar. Lentu þar saman í árekstri tvær 6 manna fólksbifreiðar, R-461, eign stefnanda, og R-404, eign stefnda. Varð áreksturinn með þeim hætti, að vinstri framendi R-404, er ekið var austur Suðurlandsbraut, rakst á vinstra afturaurbretti R-461, er henni var beygt til hægri inn á Langholtsveg, en bifreið þessi kom austan Suðurlandsbraut. Við áreksturinn skemmdist vinstra afturaurbretti á bifreið stefnanda, en öll vinstri hlið R-404 dældaðist og rispaðist.

Stefnandi, sem sjálfur ók bifreið sinni í umrætt sinn, skýrir svo frá, að hann hafi ekið með um 30 km hraða, er hann kom að Langholtsvegi. Hann hafi séð til ferða R-404 og áætla, að hún hafi þá átt ófarna um 250 til 300 metra að gatnamótunum. Stefnandi kveðst hafa tendrað stefnuljósin á bifreið sinni og gefið með þeim til kynna, að hann hygðist beygja til hægri inn á Langholtsveg. Ekkj hafi hann dregið verulega úr hraða bifreiðarinnar, er hann beygði. Er hann var kominn yfir mið gatnamótin, hafi hann skyndilega orðið þess var, að bifreið stefnda var komin fast að bifreið hans. Hafi honum þá orðið ljóst, að hætta var á árekstri. Hafi hann því aukið hraðann og beygt meira til hægri, en það hafi engum togum skipt, að árekstur varð. Stefnandi kveðst telja, að bifreið stefnda hafi verið ekið með um 120—140 km hraða miðað við klukkustund í umrætt sinn.

Bifreið stefnda ók Sigurður Eggertsson atvinnubifreiðarstjóri. Hefur hann skýrt svo frá, að hann hafi verið á hraðri ferð heim til sín með lyf handa ungri dóttur sinni, sem veik var. Kveðst hann hafa ekið með um 60—70 km hraða miðað við klukkustund. Ekki

hafi hann þó litið á hraðamælinn. Er hann nálgast nefnd gatnamót, hafi hann séð til ferða R-461. Hafi hann átt ófarna um 200 metra að gatnamótunum, er hann varð þess var, að ökumaður þeirrar bifreiðar tendraði stefnuljós og gaf með þeim til kynna, að hann hygðist beygja til hægri. Vitnið kveðst hafa haft lægri ljósin á bifreið sinni tendruð, en tendrað hærri og lægri ljósin á víxl, er hér var komið. Hins vegar hafi hann ekkert dregið úr hraða bifreiðarinnar. Vitnið kveðst nú hafa séð, að stefnandi sveigði bifreið sinni til hægri að Langholtsvegi. Allt að einu kveðst vitnið ekki hafa hemlað, en sveigt bifreiðinni til hægri í því skyni að beygja „út fyrir“ bifreið stefnanda, en það hafi ekki dugað til að varna árekstri.

Vitað er um eitt vitni að árekstri þessum. Skýrir það svo frá, að skömmu áður hafi það komið akandi suður Langholtsveg. Er það kom að Suðurlandsbraut, hafi það numið staðar, enda hafi þá bifreiðar aðiljanna verið að nálgast gatnamótin. Bifreið stefnanda hafi verið ekið á „eðlilegri ferð“, og dregið hafi verið úr hraða hennar, áður en henni var beygt að Langholtsvegi. Bifreið stefnda hafi þá verið svo langt vestan gatnamótanna, að eigi hafi virzt, að stefnandi tefldi á tvísýnu, er hann beygði yfir götuna. Þá fyrst kveðst vitnið hafa veitt því athygli, hve geysilega hratt bifreið stefnda var ekið. Hafi það séð bifreiðina á hlið og telji, að enginn vafi sé á því, að henni hafi verið ekið á yfir 100 km hraða miðað við klukkustund. Jafnvel sé því nær að halda, að hraði bifreiðarinnar hafi verið enn meiri, því að hana hafi borið að „eins og skot“. Kveðst vitnið halda, að rétt áður en áreksturinn varð, hafi bifreið þessari verið sveigt aðeins til hægri. Áreksturinn hafi síðan orðið með þeim hætti, að bifreið stefnda hafi lent „eins og þruma“ utan í vinstri afturenda R-461 og öll vinstri hlið hennar hafi strokizt eftir þeirri bifreið. Bifreið stefnda hafi runnið áfram langan spöl eftir áreksturinn. Hafi hún kastast til beggja hliða og verið ýmist á eystri eða vestari vegjaðri. Kveðst vitnið hafa búizt við því á hverri stundu, að bifreiðin ylti.

Skömmu eftir áreksturinn komu tveir löggæzlumenn á vettvang, og gerði annar þeirra uppdrátt af árekstursstaðnum. Samkvæmt uppdrætti þessum er Suðurlandsbraut 9 metra breið á þessum slóðum. Þar af er sjálf akbrautin, sem er malbikuð, 6 metra breið, en meðfram henni beggja megin eru malbornir stígar. Á uppdrættinum er árekstursstaðurinn markaður. Virðist hann vera aðeins norðan við miðja akbrautina, en allmiklu austan við mið gatnamótin. Uppdráttur þessi liggur frammi í málinu, og

hefur hann ekki verið vefengdur. Í skýrslu löggæzlumanna um áreksturinn segir m. a., að 65 metrar hafi mælt frá árekstursstaðnum þangað, sem bifreið stefnda nam staðar. Þá segir og í skýrslu þessari, að ökumaður R-404 hafi skýrt svo frá á árekstursstaðnum, að ástæðan til þess, að bifreiðin nam ekki staðar fyrr, hafi verið sú, að við sveigjuna, sem kom á bifreiðina við áreksturinn, hafi hann kastast undan stýrinu og ekkj náð til fóthemilsins.

Fram er komið í málinu, að götulýsing hafi verið góð á þessum slóðum, svo og, að hjartviðri hafi verið umrædda nótt og færi þurrt.

Kröfu sína í málinu reisir stefnandi á því, að ökumaður R-404 hafi átt alla sök á árekstrinum. Beri því eigandi bifreiðarinnar, stefndi í málinu, ábyrgð á tjóni því, er af hlaut, samkvæmt ákvæðum bifreiðalaga.

Sýknukröfuna reisir stefndi á því, að ökumaður bifreiðar hans hafi átt umferðarréttinn. Hafi því stefnanda borið að bíða, unz R-404 var komin fram hjá gatnamótunum. Varakröfu sína byggir stefndi á því, að stefnandi hafi að minnsta kosti átt verulega sök á árekstrinum.

Af atvikalýsingunni hér að framan er ljóst, að bifreið stefnda hefur verið ekið með ofsalegum hraða í umrætt sinn. Þá er leitt í ljós, að stefnandi var kominn að Langholtsvegi og hafði tendrað stefnuljós bifreiðar sinnar til merkis um, að hann hygðist beygja til hægri inn á þá götu, er bifreið stefnda átti ófarna að minnsta kosti 200 metra vegalengd að gatnamótunum. Við svo búð var sérstök ástæða fyrir stjórnanda R-404 að sýna fyllstu aðgæzlu í stað þess að aka hiklaust áfram með sama hraða, svo sem hann gerði.

Á hinn bóginn verður stefnanda ekkj metið til sakar, að hann beygði að Langholtsvegi, þar sem bifreið stefnda var þá enn alllangt undan, svo sem að framan greinir, og þess vart að vænta, að hann gæti gert sér grein fyrir hinum mikla hraða bifreiðarinnar, þar sem myrkur var á og bifreiðin kom á mótj honum.

Með skírskotun til þessa þykir verða að telja, að ökumaður R-404 hafi átt alla sök á árekstrinum. Leiðir af því, að eigandi bifreiðarinnar, stefndi í málinu, ber óskoraða fébótaábyrgð á öllu því tjóni, er stefnandi beið.

Stefnandi sundurliðar kröfu sína þannig:

- | | |
|------------------------------|--------------|
| 1. Viðgerðarkostnaður | kr. 4.353,71 |
| 2. Tjón af afnotamissi | — 600,00 |

3. Áætlað — 1.000,00

Samtals kr. 5.953,71

Um 1 og 2.

Kröfuliðum þessum er ekki mótmælt. Verða þeir því teknir til greina að fullu.

Um 3.

Í hinum munnlega málflutningi féll stefnandi frá þessum kröfulið. Kemur hann því ekki til álita.

Samkvæmt framansögðu telst tjón stefnanda nema kr. 4.953,71 (kr. 4.353,71 + kr. 600,00). Verður stefndi dæmdur til að greiða stefnanda þá fjárhæð ásamt vöxtum svo sem krafizt er.

Eftir þessum málalokum verður stefndi dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað, sem ákveðst kr. 850,00.

Að lokum ber með vísun til 5. mgr. 34. gr. laga nr. 23 frá 1941 að taka til greina kröfu stefnanda um viðurkenningu á lögveðrétti í bifreiðinni R-404 til tryggingar fjárhæðum þessum.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp þenna dóm.

Dómsorð:

Stefndi, Þorlákur Þórðarson, greiði stefnanda, Gunnari Tryggvasyni, kr. 4.953,71 auk 6% ársvaxta frá 1. maí 1956 til greiðsludags og kr. 850,00 í málskostnað. Á stefnandi lögveðrétt í bifreiðinni R-404 til tryggingar fjárhæðum þessum.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.
